



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Ársskýrsla 2024



1. Hlutverk og stefna

FB er opinber framhaldsskóli, starfræktur samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af bóknámsbrautum, listnámsbrautum og að loknu starfsnámi, lokapróf á húsasmiðabraut, rafvirkjabraut, snyrtibraut og úr sjúkraliðanámi. Einnig býður skólinn upp á fjögurra ára nám á starfsbraut, nám á framhaldsskólabraut og nám á íslenskubraut fyrir erlenda nemendur. Í FB er kennt í dagskóla og kvöldskóla. Rekstrarfé skólans ákvarðast af fjárheimildum Alþingis.

Sýn skólans er að efla einstaklinga til að skapa kærleiksrikt sjálfbært samfélag. Gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur og stefnumiðin eru í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Við leggjum áherslu á frið, lýðræði, réttlæti, jöfnuð og jafnrétti
- Við vinnum saman að góðum námsárangri allra nemenda
- Við menntum nemendur til að stuðla að sjálfbærni og virða líf og umhverfi
- Við stuðlum að vellíðan og valdeflingu nemenda og starfsfólks
- Við leggjum áherslu á góða samvinnu, hvetjandi og nærandi samskipti
- Við iðkum, kennum og hlúum að nýsköpun
- Við ræktum góð tengsl út á við og vinnum með nærsamfélagi skólans

Á árinu setti skólinn eftirfarandi stefnu um notkun gervigreindar: Allar reglur sem gilt hafa til þessa í Fjölbautaskólanum í Breiðholti um notkun hjálpartækja eða búnaðar í námi, verkefnavinnu og prófum gilda einnig um notkun gervigreindar. Fylgja skal reglum skólans varðandi notkun heimilda, svo og varðandi notkun hvers kyns hjálpartækja eða búnaðar við námsmat og próftöku.

Gervigreind getur verið áhrifaríkt hjálpartæki til að efla, einfalda og flýta fyrir vinnu ef rétt er með hana farið. Notkun hennar sem hjálpartækis þarf að uppfylla allar kröfur skólans bæði frá tæknilegu og siðferðilegu sjónarhorni.

- Vísa þarf til heimilda eftir gildandi reglum skólans um notkun heimilda.
- Fylgja þarf sömu siðferðilegu reglum og skyldum og gilda um notkun annarra tækja og tóla.
- Sé gervigreind misnotuð í skólastarfi gilda sömu reglur og um allt annað misferli í námi.

2. Fréttir úr skólalífinu

Þann 26. nóvember 2024 var hátíðleg stund í FB þegar fyrsta skóflustungan var tekin að nýrri 2.654 fermetra verknámsaðstöðu fyrir húsasmíði, rafvirkjun og listgreinar en með tilkomu nýs húsnæðis mun starfsnámsaðstaða FB rúmlega tvöfaldast. Eftir undirritun verksamnings tóku þau Óskar Jósefsson forstjóri FSRE, Lovísa Eðvarðsdóttir formaður nemendafélags FB, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari, Einar Þorsteinsson borgarstjóri og Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra fyrstu skóflustunguna að viðstöddu



fjölmenni.

Nemendur FB tóku þátt í spurningakeppninni „Gettu betur“ og stóðu sig mjög vel. Liðið vann bæði FÁ og FSU en tapaði viðureigninni við MH í sjónvarpinu í átta liða úrslitum.

Eva Sóllilja Einarsdóttir nemandi í FB varð í fyrsta sæti í forritunarkeppni framhaldsskólanna, Beta deild. Keppnin var haldin í Háskólanum í Reykjavík og var Eva Sóllilja ein í liði en venjulega eru þrír þátttakendur í hverju liði. Síðar á önninni fór Eva Sóllilja til Litháen þar sem hún keppti á „Baltic Olympiad in Informatics“ í forritun. 6 nemendur frá Íslandi voru valin til keppinnar en 10 lönd taka þátt. Stórkostlegur árangur!



Erlent samstarf var blómlegt á árinu. Bæði nemendur og kennarar fóru í fjölda ferða til þess að kynna sér nám og störf víðsvegar í Evrópu og að sama skapi tók skólinn á móti evrópskum nemendum og starfsfólki. Sem dæmi um vel heppnað verkefni má nefna að FB var einn af þremur skólum í Evrópu sem var boðið í vinnubúðir í Alden Biesen kastalanum í Belgíu. Báru vinnubúðirnar nafnið „Young and European“ og markmið þeirra var að efla evrópska borgarvitund og auka lýðræðisþekkingu nemenda. Nemendafélag FB tók þátt í verkefninu með alþjóðafulltrúa skólans Hrafnhildi Hafberg og Svövu Gunnarsdóttur félags- og forvarnafulltrúa. Fulltrúar nemendafélagsins lærðu um samvinnu og leiðtogaþæfni með því að setja sig í spor þingmanna á Evrópuþinginu, leggja fram frumvörp, ræða þau og greiða að lokum atkvæði. Einnig var farið í heimsókn í sjálft Evrópuþingið í Brussel.



Nemendafélagið skipulagði fótboltamót í samstarfi við FÁ í íþróttahúsi skólans. Það var mjög góð mæting á mótið frá báðum skólum og mikil ánægja með þátttökuna.



Skólinn hélt einnig íþróttaviku með ýmsum keppnum sem nemendur tóku virkan þátt í. Auk þess tóku nemendur skólans þátt í rafíþróttaleikum í fyrsta skiptið og skáklúbburinn tók þátt í Íslandsmóti í skák.

Nördanefndin er stór og mjög virk eins og vaninn hefur verið í skólanum. Þau hafa haldið spilakvöld öll þriðjudagskvöld og bíokvöld annað hvert fimmtudagskvöld með frábærri mætingu. Nördanefnd hélt einnig LAN í samstarfi við Tækniskólann sem gekk mjög vel og ákveðið að stækka Lanið enn frekar á næsta ári.

FB hélt úti ungmennahúsi fyrir 16 ára og eldri með frístundamiðstöðinni Miðbergi, fyrir tilstuðlan fjárhagsstuðnings frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Opið var á fimmtudögum milli 20 og 22:30 og á sunnudögum milli 15 og 18. Nemendur FB fylltu húsið nánast á hverri opnun. Forseti nemendafélagsins hélt úti dagskránni í ungmennahúsinu í samstarfi við nemendafélag FB.

Viðburðir og uppbrot á námi og kennslu

Fastir liðir í skólalífinu eru nýnemaferð að hausti, forvarnadagur og fræðsludagur að vori og hausti og sæludagar á vorönn. Einnig er haldinn skólafundur á báðum önnum.

Nýnemaferðin haustið 2024 var dagsferð þar sem byrjað var á því að gróðursetja tré í Kristínarlundi, síðan var haldið að Úlfljótsvatni þar sem nemendur fóru í leiki og grilluðu pylsur. Dagurinn endaði á Selfoss þar sem nemendur fóru í ratleik.



Nemendur á textílbraut FB fengu styrk úr Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík. Markmið verkefnisins er að vekja ungt fólk til vitundar um textílsóun á útihátíðum og benda á hringrásarhugsun með því að sýna fram á nýsköpun úr notuðum tjöldum. Verkefnið fékk einnig styrki frá Seglagerðinni Ægi og Sorpu sem útvegaði notuð tjöld.



Sjö nemendur í lokaáfanga á fata- og textílbraut í FB héldu tískusýningu ásamt Tækniskólanum í Hinu húsinu haustið 2024 og var sýningin hluti af listahátíðinni Unglist. Þema sýningarinnar var ‘átök’ – innri sem ytri – þar sem hver flik sagði einstaka sögu í gegnum liti, form og efni.

3. Nemendatölur


Á haustönn 2024 voru nemendur 1246 í dagskóla og 688 í kvöldskóla, eða samtals 1934 nemendur í skólanum.

Fjöldi nemenda í dagskóla eftir námssviðum og brautum 2022-2024									
Tegund náms	2022V	2022H	2022	2023V	2023H	2023	2024V	2024H	2024
Undirbúnings/stuðningsnám			11,8%			12,0%			12,6%
Framhaldsskólabraut	40	41		24	33		22	40	
Starfsbraut	50	55		51	54		51	55	
Íslenskubraut fyrir útlendinga	44	46		54	66		72	58	
Nám til stúdentsprófs			31,8%			31,1%			31,9%
Félagsvísindabraut	69	73		57	64		55	65	
Hugvísindabraut	1	0		0	0		0	0	
Náttúruvísindabraut	38	42		28	34		23	29	
Íþróttabraut	43	62		55	54		49	66	
Tölvubraut	54	54		48	52		46	51	
Opin braut	150	154		157	180		173	196	
Iðn- og verknám			42,1%			42,9%			44,6%
Húsmiðabraut	147	163		148	153		143	158	
Þafvirkjabraut	153	156		156	158		158	193	
Sjúkraliðabraut	63	75		78	78		79	91	
Snyrtibraut	96	120		98	130		106	118	
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	5	2		2	5		3	3	
Listnám			14,3%			14,1%			10,9%
Fata- og textílbraut	35	51		43	49		41	37	
Myndlistarbraut	105	117		113	101		81	86	
Nýsköpunarbraut	0	0		0	0		0	0	
Nýsköpun, hönnun og listir	14	12		9	15		11	0	
Samtals	1107	1223	100,0%	1121	1226		1113	1246	100,0%
Virkir dagskólanemendur	1107	1223		1121	1226		1113	1246	
Nemendur í kvöldskóla	646	610		617	652		648	688	
Samtals í skólanum	1753	1833		1738	1878		1761	1934	

Taflan hér að ofan sýnir hvernig nemendur raðast niður á námssvið dagskólans síðustu þrjú ár. Um 31% eru á bóknámsbrautum, um 44% á verknámsbrautum, um 11% í listnámi og um 12% í undirbúningsnámi og á starfsbraut. Nemendur kvöldskóla eru flestir í verknámi eins og sést á töflunni hér að neðan, þ.e. í sjúkraliðanámi, rafvirkjun og húsasmíði.

Fjöldi nemenda í kvöldskóla eftir námssviðum og brautum 2022-2024									
Tegund náms	2022V	2022H	2022	2023V	2023H	2023	2024V	2024H	2024
Undirbúnings/stuðningsnám			4,5%			7,5%			3,3%
Íslenskubraut fyrir útlendinga	22	34		40	55		41	3	
Nám til stúdentsprófs			7,5%			3,5%			7,5%
Félagsvísindabraut	7	8		6	3		4	9	
Náttúruvísindabraut	0	0		0	0		0	0	
Íþróttabraut	0	0		0	0		0	9	
Opin braut	44	35		25	10		32	46	
Iðn- og verknám			88,1%			89,0%			87,6%
Húsasmíðabraut	177	162		172	197		185	174	
Rafvirkjabraut	202	192		212	206		217	224	
Sjúkraliðabraut	192	178		162	176		165	187	
Snyrtibraut	0	0		0	1		0	13	
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	2	1		0	4		4	2	
Listnám									1,6%
Myndlistarbraut	0	0		0	0		0	21	
Samtals	646	610	100%	617	652	100,0%	648	688	100,0%

Fróðlegt er að skoða fjölda útskrifta eftir brautum skólans á árabílinu 2020-2024:



Á árinu 2024 útskrifuðust 325 nemendur frá skólanum. 51 útskrifaðist af sjúkraliðabraut, 69 af húsasmíðabraut, 62 af rafvirkjabraut, 22 af snyrtibraut og 47 með stúdentspróf að loknu starfsnámi. Af bóknámsbrautum útskrifuðust 52 nemendur, 13 af listnámsbrautum og 9 af starfsbraut. Sífellt stærra hlutfall útskrifaðra koma af verknámsbrautum skólans.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu útskrifta eftir sviðum á árabílinu 2020-2024:

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2021-2024								
Fjöldi					Hlutfall útskrifaðra			
Bóknám, listnám, verknám	2021	2022	2023	2024	2021	2022	2023	2024
Bóknámsstúdentspróf	72	63	61	52	23,7%	23,3%	18,5%	16,0%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	25	13	21	13	8,2%	4,8%	6,4%	4,0%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	199	185	236	251	65,5%	68,5%	71,5%	77,2%
Starfsbraut	8	9	12	9	2,6%	3,3%	3,6%	2,8%
Samtals	304	270	330	325	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

4. Markmiðasetning í stefnumiðaðri áætlun 2025-27

Í stefnumiðaðri áætlun skólans fyrir árin 2025-2027 eru sett fram markmið fyrir starfsemina, kjarnastarfsemi sem er menntun nemenda og rekstrarþætti. Markmiðin eru:

Að fjölga útskrifuðum af verknámsbrautum (A1); að styðja við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn (A2). Taflan sýnir nokkrar mælingar tengdar þessum markmiðum.

	Staðan haust 2023	Staðan haust 2024
A1: Fjölga útskrifuðum af verknámsbrautum		
Að auka inngangskröfur í stærðfræði í rafvirkjun.	75%	76%
Að auka inngangskröfur í stærðfræði í húsasmíði.	95%	86%
A2: Styðja við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.		
Einstaklingsmiðað nám í ÍSAN. Hlutfall nemenda sem stenst áfanga.	ÍSAN1BE – 55% ÍSAN1BT – 31% ÍSAN1GE – 80% ÍSAN1GT – 69% ÍSAN2GP – 83%	ÍSAN1BE – 65% ÍSAN1BT – 79% ÍSAN1GE – 81% ÍSAN1GT – 80% ÍSAN2GP – 70%
Árangur nemenda í ÍSAN1GE í öðru námi. Hlutfall staðinna eininga – meðaltal.	Rýni hófst vor'24: 72%	75%

Markmið um rekstrarþætti í stefnumiðaðri áætlun eru að efla gæðastjórn (B1) og bæta sorpflokkun (B2). Aðgerðir eru að ljúka innleiðingu á skjalavistunarkerfi skólans, Fóru og að fjölga starfsmönnum sem nota vistvænan samgöngumáta (B1). Aðgerðir að markmiðum (B2) er að fjölga flokkunargámum við smíðju og minnka losun sorps.

Langþráður draumur um byggingu hjólreiðaskýlis hefur enn ekki náðst. Undir stjórn Framkvæmdasýslu ríkisins er unnið að undirbúningi nýrrar verknámsbyggingar sem rísa á við Hraunberg.

5. Skólaþróun

Umræða um breytingar á námskrá hélt áfram og fékk aukið vægi á vorönn 2024. Kennara- og starfsmannafundir voru sjö og voru þeir að mestu nýttir til undirbúnings fyrir þetta stóra verkefni.

Sæludagar voru skipulagðir sem endurmenntunardagar fyrir kennara. Fyrri dagurinn hófst á fyrirlestri Ragnhildar Vigfúsdóttur „Hvort viltu vera gleðigjafi eða fýlupúki?“ þar sem Ragnhildur benti með hómor á ábyrgð hvers og eins á því viðhorfi sem hann kemur með inn í verkefni dagsins. Eftir kaffi voru átta kennarar með örkynningar á ýmsu sem þeir eru að gera og smáforritum sem þeir nota í kennslu. Eftir hádegi var Þórey Sigþórsdóttir með námskeið í raddbeitingu. Á seinni deginum var hringekja fyrir hádegi. Þannig var Þórey með þriðjung hópsins í verklegum raddbeitingaræfingum. Að auki var kennslustjóri með fyrirlestur um kennslufræði (Uncommon Sense Teaching - sjá nánar neðar) og deildirnar fengu tækifæri til þess að hafa deildarfund. Deginum lauk svo með námskeiði í viðbragði sem Birgir Freyr Birgisson var með. Þar sýndi hann meðal annars hvaða líkamsstaða er öruggust ef nemendur sýna ógnandi hegðun.

Á starfsdögum um vorið sagði Anna María Gunnarsdóttir, núverandi aðstoðarskólameistari í FG og fyrrverandi kennari í FB, frá þeirri vinnu sem fór fram við síðustu endurskoðun á námskrá. Einnig fékk skólin styrk frá SEF til þess að bjóða hingað Dr. Arndt Pechstein sem ræddi um þá framtíðarfærni sem hann telur nemendur þurfa að hafa. Hann kynnti okkur fyrir heimasíðu með verkfærum sem þjálfar þessa færni.

Til að auðvelda kennurum aðgengi að nýlegu efni um kennslufræði kynnti kennslustjóri bókina „Uncommon Sense Teaching“ á íslensku. Höfundar bókarinnar benda á sál- og taugafræðilegar ástæður fyrir því hvernig manneskjan lærir og hvernig nýta megir þá þekkingu til þess að styðja við nám og kennslu. Bókin var brotin upp í fjóra hluta og hafa kennarar fengið kynningu á þremur fyrstu hlutunum á vorönn 2024.

Í byrjun mars tóku kennarar og starfsfólk skólans þátt í sameiginlegum skólaþróunardegi sem haldinn var á höfuðborgarsvæðinu að frumkvæði Fjölbrautaskólans við Ármúla. Í Breiðholtiinu tókum við á móti kennurum í rafiðngreinum og heilbrigðisgreinum sem og umsjónarmönnum fasteigna. Hér í FB buðum við upp á fyrirlestur um mikilvægi þess að virkja nemendur ásamt fyrirlestrum og umræðum innan greinanna.

Skólinn tók þátt í rafrænu ráðstefnunni „World Education Summit“ þar sem fremsta skólafólk heims fjallar um skólamál. Dagana 18.-21. mars 2024 voru yfir 400 fyrirlestrar um skólamál í rauntíma en eftir lok ráðstefnunnar eru hinir sömu fyrirlestrar aðgengilegir í heilt ár í upptöku. Að þessu sinni var ákveðið að kaupa einungis aðgang fyrir þá starfsmenn sem þess óskuðu. Voru þeir 16 talsins. Tækifæri felst í því að nýta þann aðgang áfram sem best.

Móttaka nýnema

Á haustönn 2024 voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi við móttöku nýnema. Markmið breytinganna var tvíþætt. Annars vegar að nemendum fyndust þeir tilheyra hópi og hins vegar að nemendur fengju daglega hreyfingu í fersku lofti.

Til þess að raungera þessi markmið var ákveðið að 12 kennarar myndu kenna áfanga þar sem nýnemar eru fjölmennir samhliða því að vera með þessa nemendur í umsjón og daglegri gönguferð. Þetta þýddi að hópurinn var með umsjónarkennaranum í sjö tíma á viku og minnst í klukkutíma á dag.

Almenn ánægja var meðal nemenda með þetta fyrirkomulag. Stutt könnun í lok annarinnar leiddi í ljós að 99% nemenda fannst uppsetning áfangans frábær eða allt í lagi. Rúmlega helmingi nemenda fannst göngutúrarnir mjög eða frekar hressandi og fjórðungi fannst þeir hvorki hressandi né leiðinlegir. 75% nemenda fannst yfirferð námsefnisins um 7 venjur vera áhugavert og nytsamlegt og 69% þóttu kynningar í áfanganum á hinum ýmsu málefnum mjög eða frekar áhugaverðar. Rýni á námsárangur leiddi í ljós að í lang flestum tilvikum gekk umsjónarnemendum betur í þessum áföngum miðað við nemendur í sömu áföngum á haustönninni og í öllum tilvikum var árangur betri en meðalárangur áfangans.

Vettvangsnám kennaranema

Skólinn tekur ár hvert á móti kennaranemum frá háskólum landsins. Þeir koma á skipulagða fundi til þess að fræðast um skólann og starfsemi hans, sitja í áhorfi í kennslustundum hjá kennurum og fá tækifæri til þess að spreyta sig í æfingakennslu. Tenging þessi við háskólana veitir skólanum innsýn í strauma og stefnur í kennslufræði og ungu kennaranemarnir koma með ferskan andblæ í starf okkar.

6. Fjármál og rekstur

Skólinn var rekinn með 54,5 milljón króna halla innan ársins og þar með var uppsafnaður rekstrarafgangur fullnýttur. Mikilvægt er að halda fjárútgjöldum innan heimilda ár hvert.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Rekstur 2020-2024					
	2024	2023	2022	2021	2020
Aðrar rekstrartekjur					
Aðrar rekstrartekjur	-18.427.732	-18.049.531	-21.960.300	-19.275.100	-16.332.200
Aðrar rekstrartekjur ...	-18.427.732	-18.049.531	-21.960.300	-19.275.100	-16.332.200
Sértekjur					
Sértekjur	-224.578.959	-190.623.794	-160.971.481	-149.258.807	-113.592.071
Sértekjur ...	-224.578.959	-190.623.794	-160.971.481	-149.258.807	-113.592.071
Laun					
Dagvinna	1.234.943.936	1.194.573.214	1.093.240.930	1.034.975.433	926.162.164
Vaktaálag	128.619	1.015.579	993.124	849.287	775.702
Aukagreiðslur	48.687.781	20.655.215	15.976.330	6.896.586	9.839.001
Yfirvinna	583.593.951	544.970.985	469.376.821	453.759.447	386.764.592
Launatengd gjöld	422.223.678	399.195.658	358.514.051	335.006.241	299.958.914
Orlof	42.500	5.654.883	3.534.669	6.613.604	6.446.568
Launagjöld ...	2.289.620.465	2.166.065.534	1.941.635.925	1.838.100.598	1.629.946.941
Ferðir og fundir					
Ferða og dvalarko innanl.	255.859	876.762	1.999.466	290.570	238.572
Ferða og dvalarko erl.	14.563.773	18.114.081	19.909.905	1.072.146	5.295.885
Fundir, námskeið, risna	18.879.340	14.515.666	8.148.976	8.178.550	9.771.108
Akstur	3.629.557	4.435.319	2.923.197	1.801.473	703.626
Ferðir og fundir ...	37.328.529	37.941.828	32.981.544	11.342.739	16.009.191
Rekstrarvörur					
Tímarit, blöð og bækur	2.170.882	1.597.602	1.991.258	1.750.347	1.137.179
Skrifstofuvörur og áhöld	11.203.824	13.522.248	11.401.688	11.730.227	11.553.767
Aðrar vörur	64.284.040	51.691.443	42.485.096	33.174.204	47.499.081
Rekstrarvörur ...	77.658.746	66.811.293	55.878.042	46.654.778	60.190.027
Aðkeypt þjónusta					
Tölvu og kerfisfræðiþj.	12.550.373	7.728.778	5.960.605	4.213.876	8.481.592
Önnur sérfræðiþj.	45.113.623	45.155.095	39.935.836	43.759.894	36.833.324
Sími og ýmis leigugj.	29.369.096	23.110.492	21.356.759	16.773.204	13.512.209
Prentun/póstur/augl./flutn.	19.421.426	17.337.183	15.925.808	10.180.799	10.269.213
Aðkeypt þjónusta ...	106.454.518	93.331.548	83.179.008	74.927.773	69.096.338
Húsnæði					
Húsaleiga og aðk. ræsting	359.591.115	339.599.667	305.240.614	292.327.263	295.627.432
Rafmagn og heitt vatn	28.937.667	23.488.215	22.794.469	20.090.217	18.725.447
Verkkaup og byggingavörur	16.367.606	13.446.924	14.833.094	23.270.141	10.589.714
Húsnæði ...	404.896.388	376.534.806	342.868.177	335.687.621	324.942.593
Bifreiðar og vélar					
Verkstæði og varahlutir		245.372	81.352	426.559	101.551
Brensluefni og olíur	433.640	261.286	583.282	326.866	575.975
Bifreiðar og vélar ...	433.640	506.658	664.634	753.425	677.526
Rekstrarkostnaður					
Vextir, bætur, skattar	665.786	1.134.218	375.797	393.580	1.581.907
Afskriftir eigna	42.575.881	41.786.633	39.839.219	33.731.227	29.865.217
Tilfærslur	21.459.711	112.000	102.000	559.116	30.370
Rekstrarkostnaður ...	64.701.378	43.032.851	40.317.016	34.683.923	31.477.494
Framlag ríkissjóðs					
Framlag ríkissjóðs	-2.641.035.175	-2.496.932.260	-2.256.706.695	-2.133.913.080	-1.957.332.322
Framlag til afskrifta	-42.575.881	-41.786.633	-39.839.219	-33.731.227	-29.865.217
Framlag ríkissjóðs ...	-2.683.611.056	-2.538.718.893	-2.296.545.914	-2.167.644.307	-1.987.197.539
Rekstrarhalli innan ársins ...	54.475.917	36.832.300	18.046.651	5.972.643	15.218.300

7. Horft fram á veginn

Skólinn býður gott og metnaðarfullt nám og hlúir að vellíðan og alhliða þroska nemenda. Markmið okkar er að gefa ungu fólki færi á að menntast og eflast í heilbrigðu og styðjandi umhverfi.

Reykjavík í júní 2025,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari